

# Almannavarnir Árnassýslu

1. fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarna Árnassýslu, haldinn miðvikudaginn 28. okt. 2009 Kl: 15.00 að Austurvegi 2, Selfossi, III hæð.

**Mættir: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir Kristján Einarsson, Ólafur Helgi Kjartansson og Oddur Árnason**

## Dagskrá:

### 1. **Verkefni framundan**

**Ragnheiður** setti fund, hún fór verkefni fundarins í Skógarhlíð þegar nefndarmenn heimsóttu aðsetur Aðgerðastjórnar og Neyðarlínunnar.

Hún þakkaði fyrir þann fund og móttökurnar.

Því næst fór hún yfir verkefni sem framundan væru s.s. skipan í aðgerðastjórnir og skoðun á vettvangsstjórákerfinu.

Einnig ræddi hún um gerð áhættumats og viðbragðsáætlunar.

**Ólafur** ræddi um allar þær áhættur sem upp kunna að koma á virkjanasvæðum í Árnassýslu ef stórfeldar hamfarir verða, t.d. eldgos eða jarðskjálftar.

**Oddur** fór yfir vinnu varðandi Áhættumatið og taldi m.a. að leita þyrfti til kunnáttumanna varðandi yfirlestur á staðháttum o.fl.

**Samþykkt að Kristján leitaði til Björns Pálssonar, f.v. skjalasafnsstjóra varðandi þessa vinnu.**

Umræður urðu um vettvangsstjórnir og aðgerðastjórnir á mismunandi stöðum í sýslunni.

Fram kom að nefndarmenn töldu að í aðgerðastjórn væri heppilegt að skipa þrjá aðila, t.d. björgunarsveitarmann, slökkviliðsmann og fulltrúa sveitarfélags.

**Formaður mun senda aðildarsveitarstjórnnum bréf þar sem farið verður fram á skipan í aðgerðastjórn.**

Umræður urðu um nauðsyn þess að í sýslunni væru nokkrir menntaðir vettvangsstjórar. Fara þarf yfir stöðu mála í dag og meta út frá áframhaldandi vinnu.

**Samþykkt að hittast aftur í kjallara lögreglustöðvarinnar á Selfossi, 13. nóvember n.k. kl. 13.13**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.10